

## Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2020, miðvikudaginn, 29. janúar 2020, var haldinn 4. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var opinn, haldinn í Rimaskóla og hófst kl. 17:11. Fundinn sátu Ásmundur Jóhannsson, Berglind Eyjólfsdóttir, Árni Guðmundsson og Sævar Reykjálín. Fundinn sat einnig Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á hugmyndum Strætó bs. að breytingum á leiðakerfi og áhrifum þeirra á hverfið.

Sólrún Svala Skúladóttir og Ragnheiður Einarsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 17.31 Valgerður Sigurðardóttir tekur sæti á fundi.

2. Fram fer umræða um tilnefningar í bakhóp íbúaráðs Grafarvogs. Listi lagður fram.
3. Fram fer umræða um fyrirhugaðan íbúafund vegna samgöngubóta í kjölfar breyttrar skólaskipunar í norðanverðum Grafarvogi. Formanni falið að halda undirbúningi fundarins áfram í samvinnu við ráðið. Stefnt er að því að halda fundinn 19. febrúar í Engjaskóla kl. 20.
4. Lögð fram umsögn íbúaráðs Grafarvogs um tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 42 við Funafold.
5. Fram fer kynning á Hverfið mitt og samþykktum tillögum í hverfinu. Frestað.
6. Fram fer umræða um framkvæmdir vegna gönguþverunar á Hallsvegi.

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð Grafarvogs óskar eftir að borgaryfirvöld láti ljúka við frágang nýrrar gönguþverunar á Hallsvegi sem allra fyrst. Þarna vantar merkingar, lýsingu og annað það sem reglur um gangbrautir kveða á um. Mikil slyshætta er þarna eins og þetta er í dag og mörg óhöpp hafa orðið þegar ökutæki hafa rekist á miðeyjuna nú í skammdeginu, enda sést hún afar illa. Í framhaldi þarf að laga aðrar gangbrautir í hverfinu á sama hátt með öryggi allra vegfarenda að leiðarljósi.

7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

### Fundi slitið kl. 18:13

Ásmundur Jóhannsson

Berglind Eyjólfsdóttir  
Valgerður Sigurðardóttir

Árni Guðmundsson  
Sævar Reykjálín